



Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 11. júlí 2012 kl: 12:30 á skrifstofu Reykhólahrepps, Mariutröð 5a, Reykhólum og með aðstoð síma frá Ísafirði.

Mætt voru til fundar Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, formaður, Jón Jónsson, Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson (í síma). Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sat einnig fundinn, sem og Díana Jóhannsdóttir verkefnastjóri FV sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og skýrði frá því að hvorki Friðbjörg Matthíasdóttir varaformaður né varamaður hennar Birna Benediktsdóttir hefðu tök á að sitja fundinn. Á dagskrá fundarins væri umfjöllun um IPA stuðning, val á viðfangsefnum og undirbúning umsóknar. Formaður og varaformaður lögðu áherslu á við undirbúning fundarins, að fulltrúi suðursvæðis Vestfjarða sæti þennan dagskrárlið til að gæta að og veita upplýsingar um sjónarmið svæðisins. Talið var rétt að val þess fulltrúa miðaðist við kjörinn sveitarstjórnarfulltrúa, því hefði orðið að niðurstöðu að bjóða Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur, sveitarstjóra Tálknarfjarðarhrepps að sitja þennan lið á dagskrá fundarins.

Gengið til dagskrár sem send var út þann 6. júlí s.l.

1. Fundagerðir

a. Fundargerð síðasta stjórnarfundar frá 30. maí 2012.
Fundagerð hafði áður verið send út í tölvupósti en er nú lögð fram til staðfestingar. Fundargerð samþykkt.

2. 57. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið 7. og 8. september 2012

a. Fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun FV fyrir 2012. Lausafjárstaða er erfið vegna seinkunar á endurgreiðslu útlagðs verkefnakostnaðar og vegna þess að umsóknir um aukna verkefnafjármuni m.a. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða ekki afgreiddar fyrr en í ágúst/september. Kjarasamningur við framkvæmdastjóra hefur einnig ekki verið endurskoðaður. Þessi þættir setja óvissu um niðurstöðu endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar. Varðandi fjárhagsáætlun 2013 þá geta orðið miklar breytingar á starfsemi FV m.t.t. nýrrar stefnu stjórnvalda um aukin verkefni landshlutasamtaka, auk þess sem ekki er ljóst hvert verður skipulag stoðkerfis atvinnu og byggðaðróunar á Vestfjörðum. Afla þarf nánari upplýsinga til þess að geta lokið við fjárhagsáætlunargerð.

b. Yfirlit yfir stöðu verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefni FV á starfsárinu og munu vera nánar tilgreind í skýrslu stjórnar á komandi fjórðungsþingi.

c. Dagskrá þingsins

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu drög að dagskrá 57. Fjórðungsþings Vestfirðinga sem haldið verður 7. og 8. september nk. á Bíldudal. Rætt efni dagskrár og tíma sem áætlaður er í einstaka dagskrárliði og ábendingar um atriði sem vantaði inn á dagskrá m.a. kosning Menningarráðs. Samþykkt að gefa aukinn tíma til umræðu um stoðkerfi atvinnu og byggðaðróunar og í nefndarstörfum.



3. Aðalfundir stofnana og félaga

a. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Ómar Már Jónsson sem gegnir formennsku í stjórn félagsins greindi frá aðalfundi Atvest, sem haldinn var 8. júní 2012 á Hólmavík, þar sem afgreidd var ársskýrsla og kjörin ný stjórn. Nýja stjórn félagsins skipa Ásthildur Sturludóttir, Andrea Björnsdóttir, Eiríkur Finnur Greipsson, Guðmundur V. Magnússon, Guðni Einarsson og Guðrún Stella Gissurardóttir og formaður sem kjörinn er af stjórn er Ómar Már Jónsson. Í framhaldi ræddi stjórn FV framtíðarskipulag stoðkerfisins, ákveðið var að óska eftir fundi með stjórn Atvest innan tveggja vikna til að fara yfir málefni stoðkerfisins.

b. Markaðsstofa Vestfjarða

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir greindi frá aðalfundi Markaðsstofu Vestfjarða sem fór fram 26. júní 2012, á Hólmavík. Greindi hún frá samkomulagi Markaðsstofu Vestfjarða og Atvest um að markaðsstofustjóri ynni með Atvest að tengdum verkefnum. Stjórn Markaðsstofu skipa fulltrúar eigenda en þau eru Shiran Þórisson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir og formaður stjórnar er Sigurður Atlason.

c. Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Sigurður Pétursson greindi frá aðalfundi Fræðslumiðstöðvar sem haldinn var 31. maí 2012, þar var ársskýrsla afgreidd og ný stjórn kjörin. Stjórn skipa Arnheiður Jónsdóttir, Helgi Ólafsson, Kristján G. Jóhannsson og Þorleifur Eiríksson og formaður er Jón Reynir Sigurvinsson.

4. Umhverfissvottun Vestfjarða

Díana Jóhannsdóttir verkefnastjóri FV fór yfir stöðu verkefnisins, það hefur verið í biðstöðu vegna manneklu en er með fjármagn til loka ársins. Á grundvelli umræðu á fundinum fól stjórn FV framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra að vinna áfram að verkefninu.

5. IPA stuðningur

Formaður lagði til breytingu á dagskrá, að 5. liður, IPA og 7. liður, Sóknaráætlun landshluta yrði rædd síðast á fundinum, þegar Anna Margrét Guðjónsdóttir, sérfræðingur og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir væru mættar til fundar.

6. TAIEX ferð í júní

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir og Sigurður Pétursson greindu frá TAIEX ferð sem þau ásamt Friðbjörgu Matthíasdóttur fóru í 4. - 8. júní 2012 til Baskalands. Lögð verður fram greinargerð um ferðina á næsta stjórnarfundum.

7. Nýjar áherslur við fjárlagagerð

a. Bréf fjárlaganefndar Alþingis dags. 18. júní 2012.



Fjárlaganefnd setur fram tillögu um breytingu um fyrirkomulag funda sveitarfélaga og áherslum við fjárlagagerð.

Stjórn FV telur jákvætt að landshlutasamtökin fundi reglulega með fjárlaganefnd. Varðandi tillögu fjárlaganefndar um nýtt fyrirkomulag funda með sveitarfélögum óskar stjórn FV eftir afstöðu sveitarfélaga.

8. Mál til umsagnar

- a. Bréf Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Mál 738, frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnýslu í héraði. (heildarlög). Dags. 27. júní 2012. Frestur til að skila umsögn er 1. ágúst.

Samkvæmd vef Alþingis hefur Allsherjar- og menntamálanefnd ekki sent málið til umsagnar sveitarfélaga, stjórn FV telur þó mikilvægt að fá fram afstöðu þeirra og felur framkvæmdastjóra að kalla eftir henni. Einnig að óska eftir lengri fresti á skilum.

- b. Bréf Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Mál 739, frumvarp til laga um lögreglulaga (fækkun umdæma o.fl) Dags. 27. júní 2012. Frestur til að skila umsögn er 1. ágúst.

Samkvæmd vef Alþingis hefur Allsherjar- og menntamálanefnd ekki sent málið til umsagnar sveitarfélaga, stjórn FV telur þó mikilvægt að fá fram afstöðu þeirra og felur framkvæmdastjóra að kalla eftir henni. Einnig að óska eftir lengri fresti á skilum.

- c. Umhverfisráðuneytið. Drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Dags. 25. júní 2012. Frestur til að skila umsögn er 15. ágúst 2012.

Kynnt.

9. Önnur mál

- a. Bréf frá Vist og vernd, dags. 28. júní 2012. Beiðni um styrk vegna rannsóknar á ásynnd og aðkomuleiðum þéttbýliskjarna á landsbyggðinni.

Stjórn FV þakkar áhugavert erindi, beiðni um fjárstyrk er synjað.

- b. Velferðarráðuneyti, dags. 6. júlí 2012. Boð um skipan fulltrúa í samráðshóp um mótun framkvæmdaáætlunar Íslands í Félagsmálasjóði ESB (ESF).

Framkvæmdastjóri greindi frá því að óskað hefði verið eftir frekari upplýsingum um forsendur fyrir vali fulltrúa, sem og greiðslu tilfallandi ferðakostnaðar. Svar hefur ekki borist. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið betur.

- c. Formaður óskaði eftir að kynna málefni BsVest. Svarbréf liggur nú fyrir frá ráðgjafnefnd Jöfnunarsjóðs dags. 11. júní 2012, til BsVest, vegna beiðni um leiðréttingu framlags til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fyrir árið 2011, samþykkt er að auka fjárveitingu um 12,6 mkr. Stjórn samþykkir að vísa bréfinu til umfjöllunar verkefnahóps BsVest.



- d. Í umræðu um verkefni FV í ársskýrslu starfsársins kom fram að Vegagerðin hefur lagt fram á heimasíðu sinni, matsáætlun vegna umhverfismats vegagerðar Vestfjarðarveggar 60 í Gufudalssveit. Stjórn FV beinir því til fastanefndar FV um samgöngumál að taka málið til umfjöllunar, en frestur til að skila athugasemdum er veittur til 7. ágúst n.k..
- e. Framkvæmdastjóri kynnti að viðskiptabanki FV hefði sagt upp yfirdráttarheimild sambandsins í júní s.l. að fjárhæð 1.000.000,-. Heimild hefur verið til staðar um árabíl en hér er um nýja vinnureglu bankans um reglulega endurskoðun slíkra samninga. Stjórn samþykkir að sótt verði um endurnýjun þessara heimildar.

10. Bréf innanríkisráðuneytis, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Dags. 13. júní 2012. Ósk um greinargerð og kostnaðaráætlun vegna samstarfsverkefna.

Jöfnunarsjóður óskar eftir greinargerð verkefna FV vegna úthlutunar framlaga til landshlutasamtakanna vegna verkefna sem samtökin hafi tekið að sér í kjölfar samninga við ríki.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að greinargerð til Jöfnunarsjóðs, í henni er yfirlit núverandi verkefna FV. Framkvæmdastjóri óskaði eftir áherslum stjórnar og forgangsröðun varðandi núverandi verkefni, sem og verkefni er varða eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Stjórn FV samþykkir núverandi verkefni en vísar jafnframt til markmiða Íslands 2020 og 54. og 55. Fjórðungspings þar sem lagt var til að skoðuð yrði sameining sveitarfélaga á Vestfjörðum. Forsenda slíks verkefnis er víðtækur, langtímasamingur við stjórnvöld um uppbyggingu grunngerðar og þróunar nýrra leiða til að auka tekjur samfélags á Vestfjörðum.

11. Sóknaráætlun landshluta

Breytt fyrirkomulag er á vinnu við Sóknaráætlun landshluta fyrir árið 2012. Í ár er um að ræða stefnumótandi áætlunargerð, sem innihalda þarf framtíðarsýn Vestfjarða.

Sóknaráætlun Vestfjarða krefst mikils samráðs við ýmsa hagsmunaraðila.

Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd af verklagi við vinnu sóknaráætlunar. Lagt er til að lagður verði spurningarlisti fyrir víðtækan hóp hagsmunaaðila, til að draga fram grunnupplýsingar til úrvinnslu fyrir verkefnið. Þar sem verkefnið er víðtækt og snertir öll sveitarfélög, er jafnframt gerð tillaga um að skipan ráðgjafahóps sem skipaður yrði framkvæmdastjórum og oddvitum sveitarfélaga. Kæmi þessi hópur til ráðgjafar og aðstoðar eftir þörfum við undirbúning og framkvæmd málsins.

15.00. Eyrún Ingibjörg mætti til fundar

12. IPA stuðningur

Fulltrúi AM Ráðgjafar Anna Margrét Guðjónsdóttir mætti til fundar undir þessum lið. Anna Margrét lagði fram þrjár tillögur að umsóknum um IPA stuðning. Verkefnin eru *Fiskeldi í fjörðum*, sem yrði sér vestfirskt verkefni og verkefni *Matarklasi og Vatnavinir*, í samstarfi við SSV. Stjórn samþykkti áframhaldandi vinnu við þessar þrjár tillögur auk þess að taka til skoðunar samstarf við önnur landshlutasamtök.

Fundi slitið 16:45